

Hveragerðisbær
Breiðumörk 20
810 Hveragerði

Garðabær, 29. júlí 2025
202507-0097/A.B.
08.04

Efni: Ósk um umsögn - Framkvæmdaleyfi - borun vinnsluholu HS-10 við varmastöð Bláskóga í Hveragerði Hveragerðisbær.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar, dags. 17. júlí 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um framkvæmdaleyfi vegna borunar vinnsluholu HS-10 við varmastöð Veitna við Bláskóga í Hveragerði. Umsókn Veitna ohf. fylgdi með, ásamt matsskyldufyrirspurn, áhrifamati á vatnshlot og ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmdin sé ekki matsskyld. Umsögn þessi byggir á framangreindum gögnum og tekur til helstu náttúruverndarsjónarmiða vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar.

Náttúruverndarstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi verkefnið á sínum tíma sem mikilvægt er að líta til við gerð framkvæmdaleyfisins og byggir þessi umsögn að hluta til á þeirri umsögn.¹

Samantekt helstu áhersluatriða

- Borun á HS-10 fer fram á hverasvæði sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga.
- Varmá, móttakandi skolvatns, er á náttúruminjaskrá.
- Borun kallar á vatnstöku úr Varmá og losun skolvatns sem inniheldur efni sem geta haft tímabundin áhrif á lífríki árinna.
- Áhersla lögð á vöktun og varúð í efnanotkun.
- Framkvæmdin er staðsett á raskaðri lóð innan þéttbýlis og áhrif á landslag og ásynd eru óveruleg.

Skipulagssvæði og staðsetning

Framkvæmdin fer fram á athafnasvæði Veitna að Bláskógum 10 í Hveragerði, innan hverfisverndarsvæðis HV4 í Hveragarðinum, samkvæmt Aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017–2029. Landið er í eigu sveitarfélagsins og svæðið þegar raskað. Borplan er staðsett um 30 m sunnan við núverandi vinnsluholu HS-08. Vatnsveita liggur frá Varmá um um 410 m leið undir Breiðumörk.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð borhola og borplan séu á virku jarðhitasvæði. Náttúruverndarstofnun bendir á að hverir, jarðhitamyndanir og lífríki sem tengist þeim njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Sú vernd felur m.a. í sér að raska meg ekki hverum eða vistkerfum þeirra nema brýna nauðsyn beri til.

¹ <https://skipulagsgatt.is/files/a0fc2d7a-d101-42eb-9fe6-026479d72e46>

Í greinargerð kemur fram að borhola HS-10 og borplan séu staðsett innan virks hverasvæðis í Hveragerði, á raskaðri iðnaðarlóð sunnan við borholu HS-08. Svæðið tilheyrir hverfisverndarsvæði HV4 í aðalskipulagi Hveragerðisbæjar og jafnframt háhitasvæði Hengilsins. Í greinargerð kemur fram að borun muni ekki valda beinu raski á hverum eða sérstökum plöntutegundum og að áhrif á jarðhitasvæðið séu talin óveruleg.

Í greinargerð kemur einnig fram að borun á HS-10 fari fram í mikilli nálægð við aðra vinnsluholu (HS-08), á svæði þar sem fyrir liggur langvarandi nýting. Þar segir að þrýstingur í jarðhitakerfinu í Hveragerði hafi farið lakkandi í langan tíma, án þess að sýnilegar breytingar hafi orðið á yfirborðsvirkni hvera. Þá kemur einnig fram að ný hola sé fyrst og fremst hugsuð til að bæta rekstraröryggi hitaveitunnar, en ekki sé gert ráð fyrir aukinni heildarvinnslu til skamms tíma. Fram kemur enn fremur að ef til aukinnar vinnslu kæmi, gæti komið til greina að grípa til niðurdælingar sem mótvægisáðgerðar

Að mati stofnunarinnar eru því ekki forsendur til að ætla að borun HS-10 valdi óafturkræfum áhrifum á hveravirkni, svo framarlega sem vinnslan haldist innan þess sem þegar hefur verið reynt á og unnið er áfram með virkt vöktunarkerfi. Hins vegar er mikilvægt að áhrif hugsanlegrar framtíðarnotkunar séu metin sérstaklega ef til aflaukningar kemur.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúrufyrirbærin við gerð framkvæmdaleyfisins og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúrufyrirbærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Náttúruverndarstofnun ítrekar að það komi skýrt fram við gerð framkvæmdaleyfis hvaða leiðir verða farnar til að raska ekki hverasvæðum og til hvaða mótvægisáðgerða verður farið í ef til röskunar kemur. Mótvægisáðgerðum ætti að vera lýst ítarlega í vöktunaráætlun framkvæmdar að mati Náttúruverndarstofnunar, þar sem tilgreint er m.a. samráð við sérfræðinga Stofnunarinnar áréttar að þar sem ekki er hægt að forðast rask á vistgerðum með hátt verndargildi eða svæðum undir sérstakri vernd er góður frágangur rasksvæða og fullnægjandi mótvægisáðgerðir forsendur þess að umhverfisáhrif framkvæmdar verði ekki umtalsverð. Brýnt er að vöktunaráætlun framkvæmdar tryggi ofangreint, sérstaklega þar sem að framkvæmdin er ekki matsskyld.

Áhrif á vatnshlot og vatnstöku

Í greinargerð kemur fram að vatn verði tekið tímabundið úr Varmá (allt að 40 l/s) og skolvatn, með íblöndunarefnum, verði leitt til baka í ána um fráveitustokk. Náttúruverndarstofnun bendir á að Varmá er skráð á náttúruverndarskrá og þegar undir álagi, sbr. vöktun og umsagnir Hafrannsóknastofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Þótt áhrifamatið telji áhrif óveruleg, er ljóst að hitamengun og grugg geta haft áhrif á lífríki við losunarstað. Stofnunin tekur undir ábendingar um að tryggja skuli kælingu skolvatns og mælir með gerð vöktunaráætlunar í samstarfi við aðra hagsmunaaðila. Einnig er mikilvægt að viðbragðsáætlun sé til staðar ef affall hefur sýnileg áhrif á lífríki, t.d. fiskidauða.

Efni í skolvatni

Í greinargerð kemur fram að notast verði við borsápu (Ultrafoam), hamarolíu og polymer í skolvatnið. Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að íblöndunarefni verði notuð í lágmarks magni og að kannaðir verði möguleikar á að nota efni sem eru enn skaðlausari fyrir lífríki. Þá ætti að tryggja að skolvatn sé hreinsað í svarfpytt eins og lýst er og blandað vel áður en því er hleypt í viðtaka.

Ef ekki finnast önnur minna eitruð efni leggur stofnunin áherslu á að efnin verði notuð eins sparlega og unnt er og jafnvel skoðað hvort hægt sé að safna þessum efnum og farga á viðeigandi hátt fremur en að hleypa þeim í Varmá.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

sérfræðingur